



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

IÐTE1VB04(AV)

Kennari	Sólveig Sveinbjörnsdóttir solveig.sveinbjornsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudagar 14:00-14:40 í vinnurými kennara	
Námsefni	Grunnteikning III verkefnamappa (Grunnteikning 3, Útgefandi Iðnú, Reykjavík.) Verkefnamappa fæst í Eymundsson Krossmóa og Iðnú Brautarholti 8 Fríhendisteikning hefti fæst á bókasafni FS	
Áfangalýsing	Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist almenna undirstöðuþekkingu og þjálfun í teiknifræðum. Áfanginn skiptist í þrjá megin efnisþætti. Í fyrri efnisþætti er fjallað um fallmyndun, næst verður farið í fríhendisteikningu og loks flatarteikningu og yfirborðsútflatninga. Gert er ráð fyrir að nemendur öðlist færni í lestri og gerð vinnuteikninga, gerð flatarmynda og útflatninga og rissun fríhendisteikninga. Nemendur skulu öðlast færni í meðferð og notkun mæli- og teikniáhaldna, myndrænni vinnu með viðfangsefni starfsgreina, lestri teikninga og fá grunnþjálfun í gerð vinnuteikninga og útflatninga. Áfanginn er undirbúningur fyrir fagbundið nám í teiknifræðum og lestri vinnuteikninga.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á verkefnavinnu/vinumöppu (virkni, vinnubrögðum og frágangi) sem gildir 70% og könnunum sem gildir 30%.	
	Til að standast áfangann þarf nemandinn að skila öllum tímaverkefnum og ná að lágmarki 5,0 úr könnunum. Skila á tímaverkefnum til kennara í lok hverrar viku, árituðum (með penna) þar sem fram kemur nafn viðkomandi og dagsetning þess dags sem skilað er. Nemandi ber að skila öllum verkefnum sem tilgreind eru á kennsluáætlun og fá þau samþykkt af kennara.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Verkefnavinna / vinnumappa	70%
Kaflapróf og kannanir	30%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Kennari áskilur sér rétt til þess að vísa nemanda úr kennslustund komi hann án námsgagna í tíma. Ef nemandi sinnir ekki þeirri vinnu sem hann á að vinna í tíma og hefur truflandi áhrif á samnemendur sína má hann eiga það á hættu að vera vikið úr tíma. Nemandi hefur fjóra daga til þess að gera athugasemdir við viðveru (fjarvistir sínar)!	

Áhöld og efni	T-stika ca. 45 sm. löng, eða (teiknibretti fyrir A3 blöð) Teiknihorn: 45°/45°/90°, og 30°/60°/90° (meðalstór ca. 25 - 30 sm.) (Reglustika ca. 25 - 30 sm.) Tveir blýantar H og HB Yddari Strokleður (Línuveiðari) Límband (málarateip) ef nemandi er ekki með teiknibretti Góður hringfari (sirkill) Rúðustrikuð blöð (reiknisblöð/rissblöð).
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Mikilvægt að nemandi sé með öll teikniáhöldin með í tíma,
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: upplýsingamiðlun með tæknilegum teikningum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í: - lestri einfaldra tæknilegra vinnuteikninga og gerð einfaldra þrívíðra teikninga og fríhendisteikninga. - nákvæmum vinnubrögðum og notkun á teikniáhöldum.
	
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - vera undirbúinn undir frekara nám í teiknifræðum. - hafa þekkingu og færni til að skipuleggja, árita og ganga frá einföldum tæknilegum teikningum og miðla upplýsingum á skilvirkan hátt.	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst	64 klst
Undirbúningur og frágangur	16 vikur x 2 klst	32 klst
Undirbúningur fyrir kannanir	3 x 2 klst	6 klst
Alls		102 klst = 4 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Fallmyndun	
2. vika 28. ágúst - 1. september	Fallmyndun	
3. vika 4. - 8. september	Fallmyndun	
4. vika 11. - 15. september	Fallmyndun	
5. vika 18. - 22. september	Fallmyndun	
6. vika 25. - 29. september	Fríhendisteikning	
7. vika 2. - 6. október	Fríhendisteikning	
8. vika 9. - 13. október	Fríhendisteikning	
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Fríhendisteikning	
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Flatarteikning	
11. vika 30. október - 3. nóvember	Flatarteikning	
12. vika 6. - 10. nóvember	Flatarteikning	
13. vika 13. - 17. nóvember	Útflatningar	
14. vika 20. - 24. nóvember	Útflatningar	
15. vika 27. nóvember - 1. desember	Útflatningar	
16. vika 4. - 7. desember	Útflatningar	

Nánari vinnuáætlum og verkefnaskrá frá kennara

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Sólveig Sveinbjörnsdóttir